

37. fundur íþróttar- og menningarnefndar

37. fundur íþróttar- og menningarnefndar Árborgar, kjörtímabilið 2014-2018, haldinn mánudaginn 5. febrúar 2018 í Norðursal, Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi, kl. 17:00.

Mætt:

Kjartan Björnsson, formaður, D-lista

Axel Ingi Viðarsson, nefndarmaður, D-lista

Helga Þórey Rúnarsdóttir, nefndarmaður, D-lista

Sesselja Sumarrós Sigurðardóttir, nefndarmaður, S-lista

Estelle Burgel, nefndarmaður, Æ-lista

Bragi Bjarnason, menningar- og frístundafulltrúi

Kjartan Björnsson, D-lista býður Sigríði Maríu Jónsdóttur, nýjan fulltrúa ungmennaráðs, velkomna í nefndina.

Bragi Bjarnason ritar fundagerð.

Dagskrá:

Almenn afgreiðslumál	
1.	1802011 – Afmælistónleikar á Vori í Árborg

	Kjartan Björnsson D-lista vísar af fundi við afgreiðslu málsins. Lögð fram hugmynd að afmælistónleikum í tilefni 20 ára afmælis Sveitarfélagsins Árborgar sem er núna í ár og 70 ára afmælis Selfoss í fyrra. Hugmyndin er að vera með afmælistónleikana í íþróttahúsinu IÐU á Selfossi miðvikudaginn 18. apríl sem hluta af bæjarhátíðinni Vor í Árborg. Málið rætt og farið yfir útfærsluna og nafn á viðburðinn og nafnið "Árvakan 2018" nefnt sem hugmynd í því samhengi. Eftir umræðu leggur nefndin til við bæjarráð að fyrirbyggjandi áætlun verði samþykkt. Samþykkt samhljóða. Kjartan Björnsson, D-lista, kemur aftur inn á fundinn.
Erindi til kynningar	
2.	1802012 – Aðsókn í Sundlaugar Árborgar 2017
	Lagt fram til kynningar. Fram kom að aðsókn í sundlaugar Árborgar hefur aukist milli ára en heildarfjöldi gesta í Sundhöll Selfoss var um 312 þúsund gestir á móti 280 þúsund árið 2016 og í sundlaug Stokkseyrar um 14 þúsund árið 2017 á móti 12 þúsund árið 2016.

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 17:40

Kjartan Björnsson		Axel Ingi Viðarsson	
Helga Þórey Rúnarsdóttir		Sesselja Sumarrós Sigurðardóttir	
Estelle Burgel		Bragi Bjarnason	